Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Garðabær, 17.9.2020
Tilvísun: 202009-0028/20 Rannsóknarverkefni - almennt
TB
tb

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni)

Vísað er til máls á samráðsgátt nr. 172/2020 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Náttúrufræðistofnun fékk vitneskju um framangreint frumvarp í dag. Ekkert samráð hefur verið haft við stofnunina um fyrirhugaðar breytingar á framangreindum lögum. Breytingarnar miða fyrst og fremst að því að fjarlægja allt úr lögunum sem viðkemur lögum um vernd Breiðafjarðar, lögum um náttúruvernd og aðkomu Breiðafjarðarnefndar eða Náttúrufræðistofnunar að málinu.

Eins og málið er sett fram leggst Náttúrufræðistofnun alfarið gegn því. Náttúrufræðistofnun er fús til að gera betur grein fyrir afstöðu sinni á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðherra